

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 165/2011**

2012/EES/15/42

frá 19. desember 2011

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á sameiginlegu, evrópsku flugumferðarsvæði, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska flugumferðarstjórnkerfisins voru felldar inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006 <sup>(2)</sup>, ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1108/2009 frá 21. október 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 216/2008 að því er varðar flugvelli, rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2006/23/EB <sup>(3)</sup>.
- 4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/23/EB <sup>(4)</sup>, sem hefur verið felld inn í samninginn, fellur úr gildi samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1108/2009 en hún gildir þó áfram og verður felld úr samningnum daginn sem ráðstafanirnar sem um getur í 10. mgr. 8. gr. c í reglugerð (EB) nr. 216/2008, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1108/2009, öðlast gildi samkvæmt samningnum.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008):  
„– **32009 R 1108**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1108/2009 frá 21. október 2009 (Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 51).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 66z (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/23/EB):  
„Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:  
Tilskipun þessi gildir til þess dags þegar ráðstafanirnar sem um getur í 10. mgr. 8. gr. c í reglugerð (EB) nr. 216/2008, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1108/2009, öðlast gildi samkvæmt samningnum.“
3. Texti liðar 66z (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/23/EB) falli brott þann dag sem ráðstafanirnar sem um getur í 10. mgr. 8. gr. c í reglugerð (EB) nr. 216/2008, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1108/2009, öðlast gildi samkvæmt samningnum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 41.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 18.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 51.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 22.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1108/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>, eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011 frá 19. desember 2011 <sup>(§)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(§) Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 51, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 58.